

um frv. til laga um afhending á landi til stækkunar kirkjugarðsins í Reykjavík.

Nefndin tók fyrst til athugunar, hvort rjett væri og sanngjarnt að landið legði til land undir kirkjugarð í Reykjavík. Að visu er svo mælt fyrir í lögum 8. nóv. 1901 um kirkjugarða og viðhald þeirra, en að sjálfsögðu mátti breyta þeim og afnema þessa skyldu landssjóðs. Fyrir þessu mátti meðal annars færa þá ástæðu, að kirkjugarðalöggjöf vor miðar bersýnilega við það, að land undir kirkjugarða kosti lítið, að minsta kosti ekki meira en venjuleg tún í sveitum, enda var legkaup nýlega úr lögum numið. En í Reykjavík er alt öðru máli að gegna, og land þar mjög dýrt. Með þessu virtist og það mæla, að hjer á í hlut ríkasti söfnuður landsins, sem landssjóði ber litil skylda til að styrkja öðrum framar.

Við nánari athugun var þó nefndin sammála um, að þessi útvegur væri ekki allskóstar heppilegur, og tvísýnn gróði af því fyrir landssjóð, Þess ber að gæta, að Reykvíkingar borga mikið í prestlaunasjóð, er kemur öllu landinu að notum, og fær landsjóður á þann hátt sitt upp borið, en væri söfnuði afhent kirkja og kirkjugarður, hyrfi alt gjald jafnframt til prestlaunasjóðs, því sennilega yrði söfnuðurinn þá frikkirkjusöfnuður.

Í öðru lagi athugaði nefndin núverandi kirkjugarð, ástand hans og hvort þörf væri á að stækka hann. Stærð garðsins er um 16,000 □ metrar. Síðan hann var tekinn fyrst til afnota eru 78 ár. Mikill hluti garðsins er því bersýnilega orðinn svo gamall, að tvímælalaust mætti grafa þar aftur. Ef umferðartími garðsins væri 25 ár, eins og víðast tíðkast erlendis, ætti hann að vera nægilega stór fyrir Reykjavík með þeim mannfjölda, sem hjer er, jafnvel þó skipulegir vegir og gangar lægju um garðinn. Með nokkrum rjetti má því segja, að garðurinn sje fullstór og síst ástæða til þess að auka hann fyrst um sinn.

Því miður hefir svo verið með garðinn farið, að eigi verður lengi dregið að auka hann og lítið eða ekkert unnið við að draga það. Greftranir hafa alla tíð farið fram reglulítið og jafnvel grafið nýlega hingað og þangað í elstu hlutum garðsins. Þá er heldur ekki nein kirkjugarðsskrá, er sýni hve gömul leiðin eru og þaðan af síður hver grafinn er. Þetta veldur því, að erfitt er að nota reglulega elstu hluta garðsins. Ekki hefir þetta að neinu verulegu leyti batnað eftir að hin ítarlega reglugerð um kirkjugarða var gefin út 16. ág. 1902. Ákvæðum hennar hefir að heita má verið að engu skeytt. Enginn uppdráttur hefir verið gerður af garði og og leiðum, engin leiði tölusett, engin kirkjugarðsskrá verið haldin og engir vegir verið lagðir á þennan hátt, sem reglugjörðin býður. Yfirleitt er kirkjugarðurinn í mestu vanhírðu og bæði landi og lýð til skammar. Þá vanta og öll ákvæði um umferðartíma greftrana, sem eru þó óumflýjanleg í öllum bæjum, að minsta kosti þeim, sem ekki hafa takmarkalítið ódýrt land. Ofan á þetta bætist, að jarðveður garðsins er mjög ljelegur, leirblandinn, víða blautur og rotnun sein, svo að jafnvel í elstu leiðum eru kistur ekki fyllilega fúnaðar eftir nálega 80 ár. Þá eru að lokum nokkrir hlutar garðsins ónýtir, sökum þess að jarðvegur er þar of grunnur, og er því garðurinn í raun og veru tölvert minni en flatarmál hans sýnir.

Þegar alt þetta var athugað, var nefndin sammála um, að rjett væri að

stækka garðinn, eða öllu heldur gera nýjan kirkjugarð. Hún tók þá til athugunar hvernig þessu mætti haga.

Það hefir aðallega vakað fyrir mönnum, að stækka núverandi kirkjugarð og kaupa til þess skák af hinu svonefnda Nýjatúni. Nefndinni virtist, að land þetta myndi að líkindum verða svo dýrt, að legkaup yrði óhæfilega hátt, ef það væri keypt, líklega um 10 kr. fyrir fullorðinn, svo framarlega sem landssjóður ætti ekki að bíða mikinn skaða af garðkaupunum. Þá þótti og líkindi til, að jarðvegur í túni þessu myndi með líkum annmörkum og í kirkjugarðinum, en annars hefir hann eigi verið rannsakaður svo vjer vitum.

Nefndin hallaðist að því, að hentugast væri að gera nýjan kirkjugarð og kaupa land, sem best þætti, að öllu athuguðu, og ódýrast. Hún taldi víst að á þennan hátt mætti spara töluvert fje öllum að skaðlausu.

Stærð kirkjugarðsins taldi hún hæfilega 6 dagsláttur, er endast myndi bænum í 30 ár. Eftir þann tíma ætlast hún til að byrjað sje að taka elsta hluta gamla kirkjugarðsins til afnota, og þá jafnframt keyptur einfaldur ofn, til þess að brenna þær leifar af líkum og kistum, er kunna að vera óeyddar. Fyrir þann tíma þurfa að sjálfsgöðu að vera gerð lagafyrirmæli um endurgreftun og umferðartíma, en grafið í nýja garðinum frá fyrstu byrjun svo reglulega, að ekki komi í bág við reglubundna umferð eftir víst árabíl, og auk þess að öllu leyti gætt ákvæðanna í reglugjörð um kirkjugarða.

Ef tekna eru 6 dagsláttur af landi utan aðal bæjarins undir kirkjugarð, og gert ráð fyrir, að það sje ekki matið að mun meira en tún til grasræktar, kostar nýr kirkjugarður engu meira en tiltölulega lítil stækkun á núverandi kirkjugarði.

Að lokum hefir nefndin íhugað bálfaramálið. Hún telur það æskilegt, að bálfarir kæmist hjer á, svo eigi þurfi að flytja þá menn af landi burt, er óska að þeir sjeu brendir. En kostnaður við þetta mundi nema um 50,000 kr., með byggingu og öllu, er til þarf, ef vel er frá öllu gengið, og útfararkostnaður yrði að mun meiri en nú gerist. Ef gert er ráð fyrir að ofninn sjálfur kosti um 10,000 kr. og endist til þess að brenna 1000 lík, þá er slitið eitt á honum meira en 10 kr. virði fyrir hvern mann, sem brendur er. Við þetta bætast kokes (um 400 kg.) á 10—12 kr., vinnan við hitun ofnsins og ræsting herbergja. Eftir sem áður þarf dálítinn blett í kirkjugarði, til þess að jarðsetja óskuna og flestur annar kostnaður við útförina hjeldist óbreyttur (líkvagn o. fl.). Viðbúið er að bálfarir yrðu lítið notaðar af almenningi fyrstu árin, og væri þá miklu til þess kostað, að brenna fáeina menn.

Ef einstakir menn stofnuðu fjelag í þessu skyni og ljettu stofnkostnaðinn, telur nefndin landinu skylt að styðja fyrirtækið eða jafnvel koma því á fót, ef það brygðist, en ekki ráðlegt að verja um 50,000 kr. af landsfje til þessa að svo stöddu.

Alþingi 30. júlí 1915.

Jón Magnússon,  
formaður.

Guðm. Hannesson,  
skrifari (með fyrirvara).

Þórarinn Benediktsson. Hjörtur Snorrason. Matth. Ólafsson.